

Skilyrði til að öðlast viðurkenningu á grunnnámskeiði í hundauppeldi sbr. gildandi gjaldskrár fyrir hundahald á höfuðborgarsvæðinu.

Umsókn um viðurkenningu

Hundaskólinn sækir skriflega um viðurkenningu til heilbrigðiseftirlitsins. Til þess að erindið fái afgreiðslu þarf að leggja eftirtalin göng fram.

1. Staðfestingu á menntun leiðbeinenda um að þeir hafi lokið leiðbeinandanámi í hlýðniþjálfun hunda.
2. Lýsing á uppbyggingu grunn- eða hlýðninámskeiðs sem í boði er, bæði bóklegt og verklegt, þ.m.t fjöldi nemenda í hverju námskeiði.
3. Sýnishorn af prófum, (lágmark 3 próf).
4. Lýsing á aðstöðu til kennslu bæði inni og úti ásamt starfsleyfi sbr Hollustuháttareglugerð nr. 941/2002.

Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu hafa samráð um að meta og afgreiða umsóknir.

Uppbygging námskeiða

Námskeiðið þarf að vera lágmark 20 kennslustundir (45 mínútur hver kennslustund), sem skiptist í bóklegt og verklegt nám. Miða skal við að kenndar séu að lágmarki átta bóklegar kennslustundir.

Bóklegu námi skal ljúka með prófi. Lágmarks einkunn 7,0 þarf til að uppfylla skilyrði þessi. Lágmark 10 spurningar skulu veru úr gildandi samþykktum fyrir hundahald á höfuðborgarsvæðinu*.

Bóklega námið þarf að taka til eftirfarandi þátta:

1. Samþykktu um hundahald á höfuðborgarsvæðinu.
2. Ábyrgð hundeiganda og dýravernd.
3. Umhverfi og mótun hunda.
4. Eðli og atferli hunda og mismunar á einstaka hundakynjum
5. Tjáningar hunda
6. Þroskaskeiðs hundsins
7. Umhirðu og fóðrun

*Heimilt er að prófa einungis úr tölulið 1 og 2

Verklega námið þarf að taka til eftirfarandi þátta.

1. Standa, sitja og liggja kyrr
2. Ganga við fót í taumi
3. Innkall

Prófskírteini og árangur nemenda.

Heimild til afsláttar á eftirlitsgjöldum fær sá sem sótt hefur námskeið og er nafn hans og hundsins skráð á viðurkenningarskjal skólans í samræmi við gildandi gjaldskrá sveitarfélaganna vegna hundahalds. Á skjalinu skal jafnframt koma fram tímasetning námskeiðs, námskeiðssókn og einkunn. Til að fullnægja skilyrðum þarf viðkomandi að hafa 80% námskeiðssókn og lágmarks einkunn 7,0 í skriflegu prófi. Jafnframt þarf hundurinn að hlýða þeim skipunum sem æðar eru í verklegum hluta námskeiðsins.

Samtö og samþykkt af
Dags. 3. maí 2004

Heilbrigðiseftirliti Hinnarjarðar- og Kópavogssvæðis


Guðmundur H. Einarsson




Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis


Árni Davidsson



Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.


Guðmundur B. Friðriksson

